

FUNDARBOÐ

**246. fundur Sveitarstjórnar Borgarbyggðar
verður haldinn í Hjálmakletti, fimmtudaginn 14. desember 2023 og hefst
kl. 16:00**

Dagskrá:

Almenn mál

- 1. 2102062 - Skýrsla sveitarstjóra**
Sveitarstjóri flytur skýrslu sveitarstjóra
- 2. 2312057 - Gjaldskrár 2024**
Lagðar fram tillögur að gjaldskrár í Borgarbyggð 2024
- 3. 2307011 - Fjárhagsáætlun 2024**
Lögð fram til síðari umræðu tillaga að fjárhagsáætlun Borgarbyggðar fyrir árið 2024 ásamt tillögu að fjárheimildum fyrir árin 2025 til 2027.
- 4. 2312016 - Sorpmál**
- 5. 2311147 - Svæðisskipulag Suðurlandis_ Umsagnarbeiðni**
Afgreiðsla 59. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd gerir ekki athugasemd við skipulagstillögu fyrir svæðisskipulag Suðurlandis og vísar til endanlegrar afgreiðslu hjá sveitarstjórn. Samþykkt samhljóða."
- 6. 2302057 - Grenihlíð 3 Varmalandi - stækkun lóðar - fyrirspurn**
Lagt er fram verðmat á lóðinni Grenihlíð 3 (L134952) á Varmalandi í Borgarbyggð sem var unnið fyrir Fjármála- og efnahagsráðuneytið (FSRE). Lóðin er í eigu ríkisins, skráð 775fm og í útleigu. FSRE hefur fallist á að matið sé grundvöllur fyrir sölu til sveitarfélagsins eða leigutaka.
- 7. 2311239 - Umsókn um lóð - stækkun við Engjaás 2-8**
Afgreiðsla fundar byggðarráðs Borgarbyggðar nr. 652: "Lögð er fram umsókn um stækkun lóðar fh. Steypustöðvarinnar ehf. Stækkunin væri til norðurs við Engjaás 2-8 á 35.246 fm lands úr Kárastaðalandi (L210317).Fyrirhugaðar eru breytingar á svæðinu sem kalla á breytingar fyrir geymslu og lagersvæði.Lagður er fram yfirlitsuppráttur og lóðauppdrættir sem sýna fyrirhugaða lóðabreytingu.

Byggðaráð samþykkir að Steypustöðin fái nýja lóð norðan Engjaáss 2-8, L135761 á grundvelli 4. mgr. kafla 2.4 í reglum um úthlutun lóða í Borgarbyggð með fyrirvara um

samþykki sveitarstjórnar. Þar sem um undaþáguákvæði er að ræða er afgreiðslu vísað til staðfestingar í sveitarstjórn Borgarbyggðar. Byggðaráð bendir á að ekki er hægt að sameina Engjaás 2-8 og nýju lóðina, Engjaás 10, fyrr en búið er að skilgreina rétta landnotkun á svæðinu sem fyrirhugað er að ljúka samhliða endurskoðun aðalskipulags Borgarbyggðar. Vinna þarf deiliskipulag fyrir svæðið.

Samþykkt samhljóða og vísað til fullnaðarafgreiðslu sveitarstjórnar."

8. 2310107 - Starfskjör kjörinna fulltrúa

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs nr. 653: "Framlagt minnisblað um starfskjör kjörinna fulltrúa sbr. afgreiðslu 649. fundar byggðarráðs.

Framlagt minnisblað með yfirliti yfir starfskjör kjörinna fulltrúa og samanburði á starfskjörum fulltrúa í Borgarbyggð og þriggja annarra sveitarfélaga. Byggðarráð samþykkir að miða laun hér eftir við þingfararkaup og að þau þróist í samræmi við þau. Hlutfallið verði eftirfarandi:

Sveitarstjórnarfolk 20%, varamenn í sveitarstjórn 5%, forseti sveitarstjórnar 30%, formaður byggðarráðs 30%, byggðarráðsfulltrúar 20%, áheyrnarfulltrúar í byggðarráði 15%, varamenn í byggðarráði 5% af mánaðarlegu þingfararkaupi á hvern fund, formenn fastanefnda 3%, fulltrúar í fastanefndum 3%, formenn vinnu- og stýrihópa 3% og fulltrúar í vinnu- og stýrihópum 3%. Fjárhagslegum áhrifum vísað til fjárhagsáætlunar og fullnaðarafgreiðslu vísað til sveitarstjórnar.

Samþykkt samhljóða."

9. 2310258 - Samtal um sameiningu Borgarbyggðar og Skorradalshrepps

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs nr. 654: "Framlögð tillaga að verklagi við óformlegar viðræður Borgarbyggðar og Skorradalshrepps um sameiningu.

Byggðarráð leggur til við sveitarstjórn að hefja óformlegar sameiningarviðræður á milli sveitarfélaganna Skorradalshrepps og Borgarbyggðar í því skyni að kanna fýsileika á sameiningu. Lagt er til að gengið verði til samninga við KPMG um verkefnastjórn vegna viðræðnanna. Viðræðurnar hefjast í janúar 2024 og stefnt er að því að skila niðurstöðum eigi síðar en 1. maí 2024.

Hvort sveitarfélag um sig þarf að skipa tvo fulltrúa inn í verkefnastjórn sem mun leiða verkefnið fyrir hönd sveitarstjórnanna. Lagt er til að fyrir hönd Borgarbyggðar muni sitja í verkefnastjórn einn fulltrúi meirihluta og einn fulltrúi minnihluta og að sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs í Borgarbyggð verði starfsmaður verkefnastjórnar og tengiliður við verkefnastjóra.

Málinu vísað til sveitarstjórnar til afgreiðslu.

Samþykkt samhljóða."

10. 2310029 - Umsókn fyrir unglिंगadeildina Glanna

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs nr. 654: Framlögð styrkumsókn frá unglिंगadeildinni Glanna sem er samvinnuverkefni þriggja björgunarsveita í Borgarbyggð; Brákar, Heiðar og Oks. Hjá Glanna fer fram fjölbreytt starf með ungmennum, björgunarsveitarfólki framtíðarinnar. Styrkbeiðnin lýtur aðallega að búnaði sem þörf er á til að styrkja starfið.

Afgreiðsla frá 225. fundi fræðslunefndar: "Fræðslunefnd tekur vel í erindið og vísar málinu áfram inn í Byggðarráð. Áður en erindið kemur inn á borð Byggðarráðs er óskað eftir frekar gögnum."

Framlagður tölvupóstur frá umsjónarmanni Glanna með upplýsingum um þann helsta búnað sem þörf er á ásamt kostnaðarmati. Byggðarráð samþykkir að styrkja unglíngadeildina Glanna um 200 þúsund krónur til búnaðarkaupa. Starf deildarinnar er afar gott og eykur fjölbreytni tómsundastarfs fyrir ungmenni í Borgarbyggð og byggir upp þjörgunarsveitarfólk framtíðarinnar.

Samþykkt samhljóða."

11. 1801180 - Barnapakki Borgarbyggðar

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs nr. 645: Frá árinu 2018 hafa foreldrar nýfæddra barna með lögheimili í Borgarbyggð fengið afhentan pakka frá sveitarfélaginu með þeim hug að bjóða nýfædda einstaklinga velkomna í samfélagið. Fyrir 143. fund velferðarnefndar 4. des 2023 var lagt til að forstöðukona Öldunnar myndi taka við umsjón verkefnisins og breyting yrði gerð sem m.a. fælist í því að foreldrar fengju inneign að ákveðinni upphæð sem hægt er að nýta í sveitarfélaginu. M.v. að 50 börn fæðist í sveitarfélaginu ár hvert var áætlað að kostnaðurinn yrði um 500.000 kr. á ári. Afgreiðsla frá 143. fundi velferðarnefndar Borgarbyggðar: "Forstöðukonu Öldunnar falið að halda utan um verkefnið ásamt félagsmálastjóra og að leitað verði til fyrirtækja í Borgarbyggð er vilja styrkja verkefnið. Málinu vísað inn í Byggðarráð."

Byggðarráð samþykkir afgreiðslu velferðarnefndar og felur sveitarstjóra að útfæra í samstarfi við velferðarnefnd, félagsmálastjóra og forstöðukonu Öldunnar.

Samþykkt samhljóða."

12. 2309270 - Viðræður við Hjallastefnuna um færslu á Varmaland

Afgreiðsla frá fundi fræðslunefndar nr. 227: "Fræðslunefnd upplýst um frekari samskipti við Hjallastefnuna um ástand húsnæðis á Hraunborg. Í framhaldi af skoðun verður ráðist í skýran aðskilnað milli byggingarhluta sem skerðir aðstöðu enn frekar. Afar brýnt er að bæta aðstöðu leikskólabarna og starfsfólks á Hraunborg. Óformlegar viðræður hafa átt sér stað á milli Borgarbyggðar og Hjallastefnunnar um að leikskólustarf á Hraunborg flytjist að Varmalandi. Á Varmalandi er skólahúsnæði sem tækifæri er til að nýta betur enda hefur nemendum, sérstaklega í eldri bekkjum fækkað undanfarna áratugi. Hjallastefnan hefur með farsælum hætti starfrækt leikskóla í Borgarbyggð frá árinu 2006. Óformleg skoðun gefur til kynna að húsnæði og umhverfi Grunnskóla Borgarfjarðar á Varmalandi falli vel að rekstri og hugmyndafræði Hjallastefnunnar. Fræðslunefnd leggur til við sveitarstjórn að hafnar verði formlegar viðræður um að í skólahúsnæðinu á Varmalandi verði rekinn leikskóli í samstarfi við Hjallastefnuna. Samhliða verður tekið upp samtal við stjórnendur, starfsfólk og foreldrar/forráðamenn upplýstir um stöðu mála. Samþykkt"

13. 2309291 - Afsláttur af leikskólagjöldum fyrir starfsmenn leikskóla

Afgreiðsla fundar fræðslunefndar nr. 226: "Lagðar fram tillögur að breytingum á verklagsreglum leikskóla.

Lagðar eru fram breytingar á verklagsreglum leikskóla.

Breyttum verklagsreglum er vísað til afgreiðslu í sveitarstjórn."

Fundargerð

14. 2311004F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 651

- 14.1 2307011 - Fjárhagsáætlun 2024
- 14.2 2307185 - Uppbygging nemendagarða við Landbúnaðarháskóla Íslands
- 14.3 2308005 - Styrkbeiðni frá Bjsv. Brák v. húsbyggingar
- 14.4 2207012 - Húsverðir í Borgarbyggð
- 14.5 1610007 - Barnavernd - bakvaktir
- 14.6 2306047 - Janus heilsuefling
- 14.7 2105196 - Upplýsingamiðstöðin í Ljómalind
- 14.8 2302061 - Fundargerðir Orkuveitu Reykjavíkur 2023
- 14.9 2306089 - Fundargerðir heilbrigðisnefndar Vesturlands 2023
- 14.10 2301206 - Hafnasamband Íslands - fundargerðir 2023
- 14.11 2301193 - Samband ísl.sveitarfélaga - fundagerðir 2023.

15. 2311012F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 652

- 15.1 2307011 - Fjárhagsáætlun 2024
- 15.2 2104092 - Grunnskóli Borgarfjarðar- Kleppjárnsreykjadeild - framkvæmdir á skólahúsnæði
- 15.3 2311239 - Umsókn um lóð - stækkun við Engjaás 2-8
- 15.4 2306047 - Janus heilsuefling
- 15.5 2004060 - Krafa um skaðabætur v. líkamstjóns
- 15.6 2311242 - Ályktun frá aðildarfélögum UMSB um ferðakostnað.
- 15.7 2301206 - Hafnasamband Íslands - fundargerðir 2023
- 15.8 2301193 - Samband ísl.sveitarfélaga - fundagerðir 2023.

16. 2311018F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 653

- 16.1 2307011 - Fjárhagsáætlun 2024
- 16.2 2311279 - Tillaga um óháð mat á rekstri, skulðþoli og fjárfestingargetu
- 16.3 2311020 - Leikskólinn Hnoðraból vegna vinnu við fjárhagsáætlun
- 16.4 2310107 - Starfskjör kjörinna fulltrúa
- 16.5 2311286 - Staða gatnagerðarframkvæmda
- 16.6 2311047 - Fyrirspurn frá FSRE um áhuga Borgarbyggðar á lóðum innan Kleppjárnsreykja
- 16.7 2311276 - Þjóðlendumál, kynning á kröfum við málsmeðferð skv. 1. másl. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga
- 16.8 2301002 - Umsagnarmál f. Alþingi 2023
- 16.9 2301002 - Umsagnarmál f. Alþingi 2023
- 16.10 2301002 - Umsagnarmál f. Alþingi 2023

- 16.11 2301002 - Umsagnarmál f. Alþingi 2023
- 16.12 2301002 - Umsagnarmál f. Alþingi 2023
- 16.13 2309035 - Fundargerðir stjórnar SSV 2023
- 16.14 2301193 - Samband ísl.sveitarfélaga - fundargerðir 2023.
- 16.15 2302061 - Fundargerðir Orkuveitu Reykjavíkur 2023
- 16.16 2301206 - Hafnasamband Íslands - fundargerðir 2023

17. 2312007F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 654

- 17.1 2307011 - Fjárhagsáætlun 2024
- 17.2 2310258 - Samtal um sameiningu Borgarbyggðar og Skorradalshrepps
- 17.3 2312022 - Rekstrarkostnaður leikskóla á Íslandi 2022
- 17.4 2309293 - Rekstrarkostnaður á nemanda 2022 í grunnskólum sveitarfélaga eftir stærð skóla
- 17.5 2310029 - Umsókn fyrir unglingadeildina Glanna
- 17.6 1801180 - Barnapakki Borgarbyggðar

18. 2311019F - Skipulags- og byggingarnefnd Borgarbyggðar - 59

- 18.1 2308258 - Inntakslón Andakílsárvirkjunar_Bygginga- og framkvæmdaleyfisumsóknarferli
- 18.2 2309101 - Andakílsárvirkjun - umsókn um starfsleyfi vegna haugsetningar sets úr inntakslóni
- 18.3 2311147 - Svæðisskipulag Suðurlandis_Umsagnarbeiðni
- 18.4 2311271 - Jarðræktarmiðstöð á Hvanneyri_Nýtt deiliskipulag
- 18.5 2308247 - Ugluklettur - leikskóli - br.dsk
- 18.6 2308244 - Brúartorg 6 L135571 - Umsókn um deiliskipulag
- 18.7 2307194 - Niðurskógur í landi Húsafells III_Hraunbrekkur 33_Breyting á deiliskipulagi
- 18.8 2311008F - Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa - 23
- 18.9 2310028F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 219
- 18.10 2311014F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 220

19. 2312006F - Umhverfis- og landbúnaðarnefnd - 56

- 19.1 2310031 - Fjárhagsáætlun umhverfis- og landbúnaðardeild
- 19.2 2312016 - Sorpmál
- 19.3 2312017 - Bjarnhólar
- 19.4 2312016 - Grenndarstöð Sólbakka
- 19.5 2312016 - Söfnun rúlluplasts

20. 2311020F - Velferðarnefnd Borgarbyggðar - 143

- 20.2 2311316 - Velferðarþjónusta á Vesturlandi
- 20.3 2311278 - Gott að eldast

- 20.4 1801180 - Barnapakki Borgarbyggðar
- 20.7 2303272 - Frumkvæðisathugun GEV á gæðum þjónustu barnaverndar

21. 2310025F - Fræðslunefnd Borgarbyggðar - 226

- 21.1 2310007 - Fjárhagsáætlun - fræðslunefnd 2024
- 21.2 2303023 - Samræmd móttaka flóttafólks
- 21.3 2109144 - Farsæld barna
- 21.4 2309291 - Afsláttur af leikskólagjöldum fyrir starfsmenn leikskóla
- 21.5 2310289 - Ársskýrslur grunn- og leikskóla 2023
- 21.6 2010114 - Frístundastyrkur
- 21.7 2310052 - Til sveitarfélaga - boð á barnaþing
- 21.8 2205025 - Verklagsreglur vegna undirmönnunar í leikskólum Borgarbyggðar

22. 2312004F - Fræðslunefnd Borgarbyggðar - 227

- 22.1 2104092 - Grunnskóli Borgarfjarðar- Kleppjárnsreykjadeild - framkvæmdir á skólahúsnæði
- 22.2 2209209 - Forvarnarteymi Borgarbyggðar
- 22.3 2310006 - Sveitarfélagsskýrsla - Íslenska æskulýðsrannsóknin
- 22.4 2309270 - Viðræður við Hjallastefnuna um færslu á Varmaland
- 22.5 2311243 - Upplýsingar til sveitarfélaga frá fræðslufirvöldum í Grindavík
- 22.6 2309293 - Rekstrarkostnaður á nemanda 2022 í grunnskólum sveitarfélaga eftir stærð skóla
- 22.7 2010114 - Frístundastyrkur
- 22.8 2311242 - Ályktun frá aðildarfélögum UMSB um ferðakostnað.
- 22.9 2311323 - Erindisbréf fyrir ungmennaráð
- 22.10 2312022 - Rekstrarkostnaður leikskóla á Íslandi 2022

12.12.2023

Lilja Björg Ágústsdóttir, sviðsstjóri stjórnsýslu.